

Samþykktir SaltPay IIB hf..	SaltPay IIB hf. Articles of Association
<p>I. kafli</p> <p>Nafn félagsins, heimili og tilgangur</p> <p>1. gr.</p> <p>Félagið er hlutafélag. Heiti félagsins er SaltPay IIB hf.</p> <p>2. gr.</p> <p>Heimilisfang félagsins er Katrínartún 4, 105 Reykjavík. Útibú félagsins eru engin. Stjórn félagsins er heimilt er að stofna til útibúa.</p> <p>3. gr.</p> <p>SaltPay IIB hf. er fjármálafyrirtæki, með starfsleyfi sem lánastofnun. Tilgangur félagsins er að annast rekstur greiðslumiðlunar nánar tiltekið færsluhirðingu fyrir seljendur, útgáfuþjónustu fyrir útgefendur greiðslukorta og lánastarfsemi m.a. í formi neytendalána.</p> <p>Félagið nýtir starfsheimildir skv. 2., 4. og 5. tl. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félaginu er heimilt er stunda hverja þá starfsemi sem rúmast innan núverandi starfsheimilda og samræmist rekstri þess hverju sinni. Félaginu er heimilt að gerast eignaraðili í öðrum félögum innan þess ramma er lög og reglur á hverjum tíma leyfa.</p>	<p>Section I</p> <p>Company name, address and purpose</p> <p>Art. 1</p> <p>The company is a limited liability company. The company's name is SaltPay IIB hf.</p> <p>Art. 2</p> <p>The company's head office is at Katrínartún 4, 105 Reykjavík. The company does not have any branches. The company's board of directors may establish branches of the company.</p> <p>Art. 3</p> <p>SaltPay IIB hf. is a financial undertaking, licensed as a credit institution. The purpose of the company is to operate a payment institution, more specifically providing acquiring services for merchants and issuing services for payment card issuers as well as lending in the form of consumer lending.</p> <p>The company's operations are within authorizations granted in art. 20, paragraphs 2., 4. and 5 of act no 161/2002 on financial undertakings. The company may pursue any activity that is in accordance with its license as a financial undertaking and is in line with its current operations. The company may acquire holdings in other companies as permitted by law.</p>
<p>II. kafli</p> <p>Hlutafé félagsins</p> <p>4. gr.</p> <p>Hlutafé félagsins er kr. 483.000.000 fjögurhundruðáttatíuogþrjámilljón krónur sem skiptist í jafn marga hluti að nafnvirði 1 króna hver hlutur. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs hlutafjár.</p>	<p>Section II</p> <p>Company's share capital</p> <p>Art. 4</p> <p>The company's share capital is ISK 483.000.000 four hundred and eighty-three million Icelandic krónur – divided into the equal number of shares. Each ISK 1 nominal value of share capital entitles the owner to vote.</p>

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Forgangsréttarhafi hefur mánaðar frest til að beita forgangsrétti sínum.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Í hlutaskrá skal tilgreina nafn hluthafa, kennitölu, heimili og hlutafjäreign. Auk þess skal skrá upplýsingar um netfang hluthafa eða annars aðila sem kemur fram fyrir hans hönd í samskiptum hans við félagið.

7. gr.

Hlutir í félaginu eru gefnir út rafrænt samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og skal arður á hverjum tíma, svo og fundarboð og tilkynningar allar, sendar þeim aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í félaginu.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Art. 5

The company's share capital may be increased by resolution of the shareholder's meeting, this requiring the same number of votes as required for the amendments of these articles of association. Only a shareholders' meeting can decide on a reduction of share capital. The shareholders shall have pre-emption to all new shares in proportion to their registered shareholdings. A priority rights holder shall be granted a one-month time limit to exercise his pre-emptive rights.

Art. 6

The company's board of directors shall keep a register of shares as provided for by law. The register of shares shall specify the shareholder's name, Id/Reg.No., address and shareholding. Furthermore, it shall record shareholders email addresses or email addresses of the person/persons acting on shareholders behalf in relations with the company.

Art. 7

The company's shares are issued according to the Electronic Registration of Securities Act., No. 131/1997. No one who is in possession of a share in the company can utilize his rights as a shareholder unless his name has been registered in the register of shares, or if he has reported and verified his ownership of the shares. The register of shares, under the provision of the Electronic Registration of Securities Act, shall be considered as qualified proof of ownership of shares in the company, and a dividend, as well as announcements of meetings and notifications, shall be submitted to the party who at any given time is the registered owner of shares in the company.

Art. 8

The company shall not be permitted to grant loans against its shares unless permitted by law. The company may purchase and hold its own shares to the extent permitted by law. No votes may be cast for the shares owned by the company itself.

9. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

III. kafli

Hluthafafundir

11. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

12. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu, má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

13. gr.

Stjórn félagsins skal boða til hluthafafundar með skriflegri tilkynningu til hvers hluthafa, endurskoðanda félagsins, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra s.s. með tölvupósti á það netfang sem skráð er í hluthafaskrá eða á annan sambærilegan hátt. Hluthafafundi skal boða lengst fjórum vikum fyrir fund og skemmst viku fyrir fund, nema aðalfund

Art. 9

The shareholders bear no responsibility for the company's obligations beyond and above their holding in the company.

Art. 10

No special rights shall attach to the company's shares. Shareholders shall not be subjected to redemptions of their shares unless so provided for by law.

Section III

Shareholder's meetings

Art. 11

Final authority in company matters, within the limits described by the company's articles of association and national laws, rests with duly constituted shareholder's meetings.

Art. 12

The company's annual general meeting shall be held before the end of April each year. Extraordinary meetings shall be convened at the behest of the board of directors, or upon request of the elected auditors, or shareholders holding at least one tenth of the company's shares. Such requests shall be made in writing, announcing the agenda of the meeting, and then the meeting shall be held within fourteen days. Should the board of directors not heed such request, the assistance of the authorities may be sought in accordance with the Public Limited Companies Act.

Art. 13

The company's board of directors shall convene a shareholders meeting by sending written notice such as an email or similar addressed to each and every shareholder as registered in the company registry, the company's auditors, the members of board and directors and the company's chief executive officer. Shareholders meetings shall be called with at least 7 days notice and the maximum of 14 days notice. An annual general meeting shall be convened with at

sem skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir 10% hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili þess. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Ritari skráir í fundargerð það sem gerist og ákveðið er og færir fundargerð í fundargerðarbók eða ígildi hennar. Fundargerð er staðfest af fundarstjóra og fundarritara.

14. gr.

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

1. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
2. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum eða
3. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

least 14 days' notice. The agenda of the meeting shall be included in the meeting invite.

A shareholders' meeting shall be deemed lawful if it was legally convened and is attended by shareholders, or their proxies, holding at least one half of the company's shares. In the event the meeting is deemed unlawful, due to a flaw in this respect, a new meeting shall be held within a month, convened with 7 days' notice and such meeting shall then be deemed lawful to discuss any affairs which were to be addressed at the previous meeting if attended by shareholders, or their proxies, holding at least 10% of the company's shares.

A meeting of the company's shareholders may be held at a location other than the company's head office. The company's shareholders meeting elects a meeting chairman and secretary. The meeting secretary takes record of proceedings and decisions that shall be filed in the book of minutes or equivalent. Record of the meeting shall be signed by the meeting's chairman and secretary.

Art. 14

Shareholders shall be permitted, by written proxy, to grant their representatives permission to attend a shareholders' meeting and exercise their right to vote. At a shareholders' meeting issues shall be decided by a majority vote, unless otherwise provided by national law or these articles of association. The consent of all the shareholders shall be required:

1. to oblige the shareholders to provide funds for benefit of the company beyond their obligations,
2. to restrict the shareholders' rights to dispose of shares, or
3. to amend the company's provisions of the articles of association on the shareholders' share in the company or their mutual equality.

Proposals for the amendment of the company's articles of association, or its merger with other companies or enterprises, may not be included in the

15. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um rekstur, starfsemi og hag félagsins á liðnu fjárhagsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram til samþykktar.
3. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun skal tekin um þóknun stjórnarmanna og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar á komandi starfsári.
7. Starfskjarastefna er lögð fyrir til samþykktar.
8. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

IV. kafli

Starfsemi og stjórn félagsins

16. gr.

Aðalfundur kýs árlega stjórn félagsins, sem sitja skal fram að næsta aðalfundi, fimm aðalmenn og tvo til vara. Við stjórnarkjör skal þess gætt að hlutfall hvors kyns í aðal- og varastjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða stjórnarkjörs í félaginu, hvort heldur í aðal- eða varastjórn, á þann veg að framangreint kynjahlutfall náist ekki, telst stjórnarkjörið ógilt og endurtaka skal stjórnarkjör þegar í stað eftir að ljóst er að kynjahlutfall næst ekki.

agenda of its meetings unless this has been stated in the meeting invite.

Art. 15

The following matters shall be addressed at the annual general meeting:

1. The company's board of directors report on company operations, business and economic during the last fiscal year.
2. The company's audited financial statement shall be presented for the shareholders adoption.
3. A decision on how to deal with any profit or loss as well as dividends and contributions to reserves.
4. Election of the company's board of directors.
5. Election of the company's auditing firm.
6. A decision on remuneration to the board of directors and compensation to members of the board's sub-committees.
7. Boards of directors's proposal for remuneration policy shall be presented for approval.
8. Motions for amendments to the company's articles of association, if any have been received.
9. Discussions and votes on other matters lawfully presented.

Section IV

The company's operations and board of directors

Art. 16

The annual general meeting elects the company's board of directors, for a one year term ending on the date of next years annual general meeting, five full members and two alternates. Care shall be taken in electing the board to ensure that at least 40% representation of each sex among directors and alternatives. If the outcome of elections to the company's board of full directors, or its alternative directors, is such that the above mentioned sex representation is not achieved, the election shall be deemed invalid and the elections shall be repeated immediately after information is available as to the

Verði skilyrðinu um kynjahlutfall ekki fullnægt við síðari kosningu skal fundarstjóri skipa 3 aðila úr hópi hluthafa og stjórnarmanna í tilnefningarnefnd sem taka skal til starfa strax. Jafnframt skal fresta stjórnarkjöri til framhaldsaðalfundar sem boðað verður til þegar tilnefningarnefnd hefur lokið störfum en þó aldrei síðar en innan mánaðar frá aðalfundi.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Stjórn hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins og gætir þess að starfsemi og skipulag þess sé í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórn ber ábyrgð á stefnumótun félagsins, samþykkt og mótun áhættustefnu og að til staðar sé virkt innra eftirlitskerfi.

Undirskriftir meirihluta stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

17. gr.

Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri sem situr fundi stjórnar aðra en þá sem haldnir eru án starfsmanna.

Stjórn skal setja sér starfsreglur, sem taka mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti, þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn samþykkir árlega eða oftár ef þörf krefur undirskriftarreglur sem settar

unsatisfactory outcome of an election. If conditions on the representation of sexes is not fulfilled after the later election, the chairman of the meeting shall appoint three persons from the group of shareholders and current board members to a designating committee, that shall immediately start to work. Simultaneously the election shall be postponed to a follow-up-meeting that is to be convened upon the completion of the designating committee's work, however, no later than within one month from date of the general meeting.

The board shall direct all the company's affairs between shareholders' meetings and protect its interests against third parties. The board supervises the company's operations and ensures that its operations and organization is in order and in accordance with applicable laws and regulation. The company's board of directors is responsible for the company's strategy, the drafting and approval of its risk policy and the existence of effective internal controls.

The signatures of the majority of the members of the board shall make commitments on behalf of the company. Board meetings shall be deemed lawful if attended by a majority of the board members. Issues shall be decided by a majority vote. In the event of a tie, the chair's vote shall be decisive. Minutes of a board meeting shall be kept.

Art. 17

The board members divide responsibility among themselves. Chairman of the board calls the board's meetings. Each board member may request a meeting to be held. The chief executive officer, which attends all board meetings except for meetings held without any employee attendance, has the same right.

The board of directors shall adopt its own protocol, which shall take note of corporate governance guidelines, prescribing the implementation of its tasks in detail.

The board of directors appoints the company's authorized signator(y)/(ies). The board of directors approves, annually or more frequently if needed, the

eru fram að tillögu forstjóra og hafa að geyma heimildir starfsmanna til að skuldbinda félagið.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn er heimilt að ráða tvo forstjóra til að stýra sameiginlega daglegum rekstri félagsins. Stjórn skilgreinir hlutverk forstjóra nánar í starfslýsingu forstjóra.

Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar skulu samþykktar af stjórn. Forstjóri skal í daglegum störfum fylgja stefnu sem samþykkt hefur verið af stjórn félagsins og öðrum fyrirmælum stjórnar.

Forstjóri sér um ráðningu starfslíðs og fjallar um launamál þeirra.

Forstjóri sér um reikningshald og skal hann tryggja að bókhald og fjárreiður félagsins séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna sé með tryggum hætti. Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

company's Signature rules which defines the employees' authority to sign on the company's behalf, as proposed by the company's chief executive officer.

Art. 18

The board of directors engages the company's chief executive officer and decides upon the term of his employment. The board can engage two chief executive officers to operate the company together.

The board further defines the chief executive officer's role and responsibilities in his/her/their job description.

The chief executive officer(s) shall handle the company's daily operations, representing it in regards to issues connected to day to day operations. Unusual or major measures shall be approved by the board of directors. When carrying out his duties, the chief executive officer(s) shall adhere to strategy as approved by the board of directors as well as any other boards instructions.

The chief executive officer(s) engages the company's employees and decides upon the term of their employment.

The chief executive officer(s) shall be responsible for the company's accounts and ensure that they comply with legislation and good accounting practice and that handling of the company's assets is secure. The chief executive officer(s) shall be obliged to give the board members and auditors all the information on the company's operations they may request and is to be granted under law.

V. kafli

Uppgjör og endurskoðun

19. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Á aðalfundi félagsins skal kjósa endurskoðunarfélag í samræmi við lög.

VI. kafli

Breytingar á samþykktum

20. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögætum aðalfundi eða aukafundi með samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, enda sé ekki annað samþykkishlutfall áskilið í samþykktum eða lögum.

VII. kafli

Félagsslit og samruni

21. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Section V.

Statement of accounts and auditing

Art. 19

The calendar year shall be the company's operating year as well as its fiscal year. The annual general meeting shall elect an auditing firm in accordance with law.

Section VI

Amendments to the articles of association

Art. 20

These articles of association may be amended at a legally constituted shareholder's meeting by a 2/3 majority of votes cast, and if approved by shareholders controlling at least 2/3 of the share capital represented at the meeting, provided no other proportion is required by these articles of association or law.

Section VII

Dissolution or merger of the company

Art. 21

Proposals of dissolution and division of the company shall be processed as any amendments to these articles. The votes of shareholders holding at least 2/3 of the company's total equity are required to validate the decision to dissolve the company. An annual general meeting which has reached a lawful decision to dissolve or divide the company shall also decide the disposal of its assets and payment of its obligations.

VIII. kafli

Önnur ákvæði

22. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Section VIII

Other provisions

Art. 22

If the provisions of these articles do not provide for how to proceed, the provisions of the Public Limited Companies Act should be heeded, as well as any other relevant provisions of law.

30 November 2021